

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 335

desember 2022



We Serve



Desember 2022. Blað nr. 335

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00


Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



Fjölumðæmisstjórn:



Kristófer Tómasson, fjölumðæmisstjóri. Kristófer er félagi í Lionsklúbbum Geysi. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: kristofer.tomasson@gmail.com



Víðir Guðmundsson, umdæmisstjóri í 109 A. Víðir er félagi í Lionsklúbbum Garði og er með tölvupóstfangið vidir27@gmail.com



Sigurður Steingrímsson, umdæmisstjóri 109B. Sigurður er félagi í Lionsklúbbum Vitaðsgjafa í Eyjafjarðarsveit. Netfang Sigurðar er sigurdur.steingrims@simnet.is

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2022 – 2023

Fjölumðæmisstjóri: Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

Umdæmisstjóri 109A: Víðir

Guðmundsson, Lkl. Garður

Umdæmisstjóri 109B: Sigurður

Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Porkell

Cýrusson, Lkl. Víðarr

Vara fjölumðæmisstjóri: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Víðarr

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Kynningarstjóri: Niels Bjarki Finsen,

Lkl. Laugardals

Umhverfisstjóri: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Porkell

Cýrusson, Lkl. Víðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir,

Lkl. Úa

GLT stjóri (menntun og leiðtoga-

þjálfun): Halldór Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjóri (útbreiðsla og fjölgun): Jón

Pálmason, Lkl. Víðarr

GMT/konur í Lions: Thelma

Kristinsdóttir, Lkl. Eden

GST stjóri: (verkefni) Bragi Ragnarsson,

Lkl. Mosfellsbæjar

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,

Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv.

Alþjóðastjórnarmaður,

Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparstjórnastjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Pálmi

Hannesson, Lkl. Garður

Laganevnd (form.): Björgúlfur

Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Laufey

Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Mennningarstjóri: Sigfríð Andradóttir,

Lkl. Æsa

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Anna Blöndal

Lkl. Ylfa

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Friðrik A.

Hansen, Lkl. Fjörgyn

Varaumðæmisstjóri 109B: Baldur Ingi

Karlsson, Lkl. Hængur

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:

Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Arnar Hrólfsson, Lkl. Bjarni

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2022 – 2023:

Alþjóðaforseti Brian E. Sheehan,

United States;

Fyrverandi alþjóðaforseti Douglas X.

Alexander, United States; Vara

alþjóðaforseti, Dr. Patti Hill, Canada;

Annar vara alþjóðaforseti Fabricio

Oliveira, Brazil;

Þriðji vara alþjóðaforseti A.P. Singh,

India.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Elena Appiani, Italy;

K. Vamsidhar Babu, India;

Teresa Dineen, Ireland;

Pai-Hsiang Fang, China Taiwan;

Jeffrey R. Gans, United States;

Efren Ginard, Paraguay;

Je-Gil Goo, Korea;

Mats Granath, Sweden;

Ken Ibarra, United States;

Daisuke Kura, Japan;

Dr. Vinod Kumar Ladia, India;

Kenji Nagata, Japan;

Dr. Dianne J. Pitts, United States;

Allen Snider, Canada;

Ernesto Tijerina; deb Weaverling,

United States;

John W. Youney, United States.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Ben Apeland, United States;

Jitendra Kumar Singh Chauhan, India;

Barbara Grewe, Germany;

Jeff Changwei Huang, China;

Tim Irvine, Australia;

Ron Keller, United States;

Gye Oh Lee, Korea;

Robert K.Y. Lee, United States;

R. Mathanagopal, India;

Manoel Messias Mello, Brazil;

Jay Moughon, United States;

Chizuko Nagasawa, Japan;

Dr. Ahmed Salem, Egypt;

Samir Abou Samra, Lebanon;

Pirkko Vihavainen, Finland;

Jürg Vogt, Switzerland;

Lee Vrieze, United States.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og

dreifing: Lionskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Beðið eftir jóluþunum –

Ljósmyndari Sábína Steinunn

Halldórsdóttir



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er þriðja tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er prentað ásamt því að vera netblað eins og öll önnur blöð. Efni í blaðinu er fjölbreytt að vanda og kann ég ykkur lionsfélagar bestu þakkar fyrir margar góðar greinar.

Eins og kom fram í síðasta blaði þá ákvað ég að koma með breytingar á blaðinu og fara fram á það við eitt teymi í senn í GAT teyminu okkar að skrifa grein í blaðið um hver þau málefni sem þau telja vert að skrifa um. Þannig grein verður ekki í þessu blaði heldur fer ég fram á það við GMT teymið að það skrifi tvær greinar fyrir febrúarblaðið, önnur um málefni teymis og hin grein frjálst umfjöllunarefni. Í febrúarblaðinu er GMT teymið (félagateymið) og í apríl/maí blaðinu er svo komið að

GST (verkefnateyminu).

Efni þessa blaðs er hefðbundið, greinar frá klúbbum, minningar um látna féлага, greinar frá embættismönnum, svokallaðar skyldugreinar frá alþjóðastjórn ofl. Í þessu blaði eru amk tvær auglýsingar sem ég bið ykkur kærur félagar að lesa vel yfir annars vegar um leiðtogaskólann og hins vegar um laus embætti í hreyfingunni á Íslandi. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um leiðtogaskólann, hversu öflugur hann er og einfaldlega góður skóli ég skora á þá féлага sem ekki hafa farið í hann að skrá sig. Mörg embætti losna á hverju ári í hreyfingunni og nú eins og ávallt er tækifæri að bjóða sig fram til leiðtogastarfa innan hreyfingarinnar á Íslandi. Við þurfum nýtt blöð í stjórnunarstörf sem koma með fleiri sjónarmið inn í starfið. Endilega lesið yfir auglýsinguna og ihugið vel hvort þið viljið ekki setja nafn ykkar við þau embætti sem eru í boði.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem sendu inn greinar í blaðið og eins til þeirra sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Gleðileg jól kærur lionsfélagar nær og fjær sem og aðrir, megi nýtt ár færa ykkur öllum gleði og hamingju.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

Við erum góðu hlutirnir

Pistill Alþjóðaforseta



Heilir og sælir lionsfélagar
 Jafnvel þó að desember sé kaldur og dimmur í Minnesota þá hafa hjörtu okkar aldrei verið jafn björt og hlý og þau eru á þessum árstíma. Það er í desember sem við deilum máltíðum með ástvinum okkar og reynum að hafa samband við vini sem við höfum kannski ekki séð allt árið. Við leitum leiða til að aðstoða þá sem þess þurfa. Við höfum aldrei verið þakklátari ekki bara fyrir þá hluti sem við höfum heldur einnig fyrir að vera fær um að hjálpa þeim sem þess þurfa.

Fyrir utan fjölskylduna er ekkert sem sem ég er jafn þakklátur fyrir eins og að geta lagt öðrum lið. Mér þykir heiður að vinna í súpueldhúsi fyrir heimilislaua byggja skemmtigarða fyrir samfélagið og um leið huga að umhverfismálum. Ég er hræður yfir að fólk skuli hleypa mér inn í líf sitt til þess að ég geti

gefið því smá hluta af því sem veröldin hefur gefið mér.

Lionsfélagar nú þegar við sjáum endann á almanaksárinu nálgast og við byrjum að skipuleggja það nýja þá skulum við ekki gleyma því fólki sem að við þjónum. Við skulum muna að við vonumst eftir góðum hlutum í lífi okkar- og að við sjálf erum góðu hlutirnir í lífi okkar. Ástvinir okkar, lionsfélagarnir og þeir sem við erum að leggja lið.

Eigið öll góðan dag

*Brian Sheehan
 Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar
 Þýðing: Geir Hauksson*



Hátíðarkveðja

Víðir Guðmundsson

Umdæmisstjóri 109-A



Kæru félagar
 Nú fer að stytast í einhverja mestu hátíð kristinna manna þegar við fögnum fæðingu frelsarans frá Nazareth og minnumst hans. Ég ætla ekki að tileinka þennan stutta pistil eingöngu kristnu fólki heldur okkur öllum sem störfum í hreyfinguni þó svo ég tali aðeins um jólin og Jesú Krist.

Jesús gaf blindum sjón, hann líknaði, hann útdeildi mat, hann rétti hjálparhönd rétt eins og við lionsfólk um allan heim gerum. Kannski var Jesús fyrsti lionsfélaginn óopinberlega.

Nú þegar styttist í jólin þá vinna margir klúbbar að málefnum tengdum þeim, klúbbar setja upp jólatré svo aðrir geti notið, sumir skreyta híbýli aldraðra og svo mætti lengi telja. Við lionsfélagar réttum að sjálfsögðu fram hjálparhönd og gleymum ekki okkar minnstu bræðrum og leggjum þeim lið.

Eitt er það sem mig langar til þess að biðja ykkur um að hafa hugfast og það ekki bara um jól heldur ætíð og það er að við eigum einmanna fólk í samfélaginu sem ekki þarfnast matar eða peninga endilega, þetta fólk þarfnast nærveru við aðra og hlýju.

Þessi árstími gerir okkur öll ætíð meyrari og gjafmildari og þegar við setjum í söfnunarbauka til styrktar góðum málefnum þá skulum við líka muna eftir einstæðingnum sem við þekkjum. Grípum smákökubox og kikjum í heimsókn og segjum ég kem hér með kökur, átt þú kaffi ?

Sýnum ætíð vinarhug og verum til staðar fyrir hvort annað.

Þegar raunir þjaka mig þróttur andans dvínar þegar ég á aðeins þig einn með sorgir mínar. Gef mér kærleik, gef mér trú, gef mér skilning hér og nú. Ljúfi drottinn lýstu mér, svo lífsins veg ég finni láttu ætíð ljós frá þér ljóma í sálu minni.

Gíslí á Uppsöllum

Um leið og ég þakka ykkur öllum fyrir frábært starf það sem af er komið þessu starfsári langar mig til þess að óska ykkur gleðilegrar hátíðar ljóss og friðar með óskum um gott farsælt komandi ár.

Hátíðarkveðja



Skilafrestur á efni í næsta blað er 9. febrúar

Lionsklúbbur Laugardals



Starf Lionsklúbbs Laugardals er komið í sínar venjulegar skorður. Fundir eru haldnir mánaðarlega, að jafnaði í Eyvindartungu, bóndabæ rétt sunnan við Laugarvatn, en þar hefur útihúsum verið breytt í samkomuhús. Skemmtileg aðstaða og vinsæll staður fyrir brúðkaupsveislu og tónleikahald.

Klúbburinn heldur áfram að fjölga félögum. Í haust bættust þrjár nýir félagar í hópinn. Þeir voru teknir inn þegar alþjóðaforseti Lions heimsótti Ísland og tók þátt í inntöku nýrra félaga í nokkra klúbba. Enn er von á fleirum. Við erum nú orðnir 45. Þrátt fyrir fjölgun undanfarin ár, hefur ekki orðið veruleg fjölgun á fundum. Það er eitthvað sem taka verður betur á. Nú er svo komið að meira en helmingur félaga er búsettur utan sveitarfélagsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu.

Fastir liðir í starfi okkar eru m.a. tvær ferðir á ári. Önnur með mökum, hin alveg makalaus. Nú í haust fórum við í ferð, að þessu sinni, eins og stundum áður, með Kvenfélagi Laugardals. Byrjaði ferðin á leiðsögn um Þingvallasveit og Grafning. Jóhannes Sveinbjörnsson, einn félagi okkar, fræddi okkur um sveitirnar, í nútíð og fortíð. Hann er hafsjór af fróðleik, enda borinn og barnfæddur í Þingvallasveit. Heimsóttum við hann og konu hans, Ólöfu Björgu Einarsdóttur, á Heiðarbæ. Tóku þau vel á móti okkur og veittu vel að góðra bænda sið. Því næst var haldið til Selfoss en þar tók annar félagi okkar á móti okkur. Pálmi Pálsson og Hildigunnur Skúladóttir í Pálmatré sýndu okkur íbúðir í nýjstu blokkinni sem þau hafa reist þar. Þá var ný miðbærinn var skoðaður undir leiðsögn Valdimars Bragasonar og eftir heimsókn í Risið og veglega máltíð í Prastarlundi lauk svo ferðin á Laugarvatni undir miðnætti.

Í byrjun aðventu hefur sá skemmtilegi siður verið á Laugarvatni að haldin er Ljósahátíð. Að þessu sinni stóðu Kvenfélagið, Lionsklúbburinn, Planet Laugarvatn, Fontana og Eyvindartunga að henni. Lionsklúbburinn var með blóðsykurmælingu ásamt því að selja flotkerti. Að því loknu var tendrað á jólatrénu í Bjarnalundi, en það hafa lionsmenn gert í yfir



40 ár. Eftir hátíðina í Bjarnalundi gekk hersingin niður að vatninu þar sem flotkertunum var fleytt við hátíðlega stund.

Á síðasta fundi fyrir jól hefur sú venja skapast að borða saman hangikjöt. Þegar þetta er skrifað er undirbúningur fyrir skötuveislu á fullu skriði. Lionsklúbbur Laugardals hefur í ansi mörg ár verið með skötuveislu í matsal Menntaskólans að Laugarvatni á Þorláksmessu. Alltaf hefur verið góð mæting og ætla má að svo verði einnig í ár.

Lionsklúbbur Laugardals sendir bestu jóla- og nýárskveðjur til lesenda, nær og fjær.

Niels Bjarki Finsen

Ljósmyndarar: Niels Bjarki Finsen og Sabína Steinunn Halldórsdóttir

Lionsklúbburinn Njörður



Lionsklúbburinn Njörður afhenti Hrafnistu þrjú endurhæfingartæki í nóvember síðastliðnum að verðmæti um 2 milljónir. Tækin dreifast á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Laugarási, Skógarbæ og Boðarþingi. Um er að ræða tvo fjöl þjálfá og eitt sethjól frá þrektækjaframleiðandanum Spirit.

Myndirnar eru frá afhendingu tækjanna hjá Hrafnistu í Laugarási. Á mynd 1 eru fremst Jón Kristján Árnason formaður Styrktarsjóðsnefndar, Ari H. Jónsson, Sigrún Stefánsdóttir forstöðumaður Hrafnistu í Laugarási, Rebekka Ingadóttir forstöðumaður Hrafnistu í Skógarbæ, Oddgeir Reynisson framkvæmdarstjóri rekstarsviðs Hrafnistu og Heimir Salvar Jónatansson formaður Lionsklúbbsins Njarðar.

Á annari mynd má sjá Bjarna Gunnar og Heimir Salvar prófataekin og á þriðju myndinni má 30 lionsfélaga sem þáðu höfðinglegt boð Hrafnistu í tilefni af afhendingu endurhæfingartækjanna.

*Jón Kristján Árnason,
Formaður Styrktarsjóðsnefndar.*



Tendrum ljós - „sýnum kærleika í verki“

Kæru lionsfélagar
Aðventan er gengin í garð og jólin eru á næsta leyti – tími kærleika, friðar og samverustunda fjölskyldna og vina – einnig tími ríkra hefða og margir endurupplifa jól bernskunnar ár hvert.

Jóla ljósín lýsa upp svartasta skammdegið og margir leyfa þeim að lifa áfram þar til sól fer að hækka örlítið á lofti.

En jólin vekja hins vegar mismunandi tilfinningar eftir því hvernig aðstæður okkar eru þegar jólin ganga í garð. Hjá Lions er desember mánuður tileinkaður aðstoð við samborgarana, þá sem höllum fæti standa í samfélaginu í þeirri viðleitni að sem flestir eigi gleðileg jól, sérstaklega börnin. Þetta er í samræmi við siðareglur okkar Lionsfélaga.

Að hjálpa meðbræðrum mínum í vanda. Þeir sem um sárt eiga að binda þurfa hluttekningu, bágstaddir og minnimáttar stuðning.

Ef við stöldrum við þessa ímynd um að leyfa ljósinu að lifa og lýsa upp tilveruna, leggja okkar að mörkum, kveikja þó ekki sé nema lítið ljós í lífi einhverra. Alþjóða hjálparsjóðurinn er leið okkar Lionsfélaga um allan heim til tendra ljósin. Við



erum heppin hér á Íslandi að þekkja ekki á eigin skinni aðstæður þeirra sem búa við hörmungar styrjalaða sem háðar eru vegna græðgi, heimsku og að manni virðist hreinni mannvönsku. Nágrannar okkar í Úkraínu er etv. nærtækasta dæmið og við vitum að börn eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu í stríðshrjádum löndum. Við getum hins vegar sett okkur í spor þeirra sem eru fórnarlömb náttúruhamfara.

Við sem skipum LCIF teymið, höfum valið að beina sjónum að hamfaraaðstoð og aðstoð við nágretta okkar í Úkraínu. Við hvetjum klúbba til að leggja framlög sín til hjálparsjóðsins sem fyrst þannig að framlögin fari sem fyrst að gera gagn í þjáðum heimi.

Að lokum viljum við, í samræmi við áttundu grein siðareglunnar, hrósa ykkur lionsfélögum fyrir örlæti ykkar til sjóðsins í gegnum áratuginu – lionshjartað ykkar slær þróttmikið og sterkt.

Kæru Lionsfélagar við Björn, Geirprúður og Anna sendum ykkur og fjölskyldum ykkar bestu óskir um ánægjulega aðventu og jólahátíð með piparkökum, skötu og kertaljósum. Besta gjöfin sem við getum gefið er ljós í tilveru þeirra sem höllum fæti standa.

Lionsklúbburinn Eik

Nóvemberfundur

Lionsklúbburinn Eik hefur unnið að verkefni með flóttabörn, á nóvemberfundinum var sérstakur gestur okkar og fyrirlesari Gylfi Þór Þorsteinsson aðgerðarstjóri varðandi flóttamannaaðstoð á Íslandi. Gullveig Sæmundsdóttir ritstjóri var einnig gestur en hún lætur sig málefni flóttafólks sig mikið varða eins Marta María Skúladóttir og Laufey Jóhannsdóttir.

Eftir nafnakall og yfirferð fundargerðar fór Laufey yfir verkefnið okkar með flóttabörnum. En lionsfélagar í verkefnanevndinni ásamt leiðbeinendum hafa tekið á móti börnunum í listasmiðju. Við erum með mjög góða aðstöðu í Urriðaholtsskóla. Við eigum líka notalega stund með foreldrunum. Börnin eru farin að þekkja okkur og koma fagnandi inn í stofu til okkar og finnst voða gott að fá „ómmu“knús. Verkefnið er framlag klúbbsins í að styrkja flóttabörn frá Úkraínu í að aðlagast og samlagast Íslandi og Íslendingum. Lionsklúbburinn sótti um og fékk styrk frá LCIF

foundation til að veita börnum á flótta félagslegan og sálrænan stuðning.

Við höfum fengið til liðs við okkur leiðbeinendur frá Arnarvængjum og leiðbeinum börnunum í gegn um listsköpun.

Lionsklúbburinn hefur fengið þakkir og hrós frá ráðuneyti, frá Garðabæ frá íbúum í Garðabæ og eins mjög margir hafa svo styrkt okkur með fjárframlögum.

Við fengum ábendingar um m.a. tækjakaup fyrir þau. Að spjaldtölvur gætu styrkt þau félagslega og gert þeim kleift að halda í tengslin við Föðurlandið og styrkja þau í móðurmálskennslu. Laufey sýndi okkur myndir á nóvemberfundinum frá verkefninu.

Nú tók Gylfi Þór við og sagði frá mikilvægi þess að Lionsklúbburinn Eik bauð fram ómetanlega aðstoð á sínum tíma. Hann sagði að verkefnið hefði vakið mikla athygli og aðdáun. Jafnvel upp í æðstu stjórnendur hérlendis en ekki síður atygli og aðdáun í Úkraínu innan þingsins og til æðstu stjórnvalda þar. Ekki síst vegna umfangs og eðli verkefnisins. Gylfi Þór rakti svo verkefnið sem snúa að starfinu og ræddi þær erfiðu aðstæður sem fólk á flótta býr við. Benti m.a. á að á árinu 1973 hefðu 4200 Íslendingar verið á flótta þegar Vestmannaeyjagosið hófst.

Hann þakkaði af alhug þann mikla kærleika sem Lionsklúbburinn Eik sýndi með stuðningi við verk-

efnið við börn á flótta. Hann hvatti okkur áfram til góðra verka.

Formaður þakkaði og færði honum fána klúbbsins. Gullveig þakkaði fyrir frábært starf og gott erindi.

Formaður færði Kristínu Pálsdóttur blóm í tilefni afmælis hennar.

Guðrún Yngvadóttir þakkaði fyrir verkefnið með flóttabörnunum og sagði að alþjóðaforseti Brian og Lori kona hans hefðu hrifist mjög af verkefninu er þau komu og voru viðstödd þegar börnin fengu spjaldtölvur afhentar. Hún sagði að Lori hefði gert verkefnið að umtalsefni á þingi bandarískra Lionsfélaga svo hróðurinn fer víða. Jafnframt benti hún á að verkefnið og umfjöllun þess hefði haft þau áhrif innan stjórnar LCIF að núna er verið að yfirfara og gera breytingar á regluverkinu hjá LCIF þannig að það opnast möguleiki á að sækja um styrki til LCIF til þess að hlúa að og veita börnum á flótta sálrænan stuðning í gegn um listsköpun svo hróður EIKAR fer víða.

Rætt var um jólafund, Eyrún las smellna ferðasögu og Ása las góða hótelfrásögn.

Stóðum vaktina í blóðsykurmælingum við góðar móttökur.

Við stóðum vaktina í Bónus við Garðatorg og buðum upp á kynningu og blóðsykurmælingar í tilefni af Alþjóðadegi sykursjúkra sem var 14. nóvember. Lionshreyfingin er með forvarnarátak í tilefni þessa dags.

Við fengum mjög góðar viðtökur og mikið var gaman að fá tækifæri til að hitta fólk í nafni Lionshreyfingarinnar.



Laufey ásamt Gylfa Þór.



Laufey og Guðrún Yngva að mæla blóðsykur.



Ritari (ásamt stjórn) les upp fundargerð.



Eikarkonur stóð fyrir blóðsykurmælingum.



Kristín Páls fær blóm í tilefni afmælis síns.



Listsköpun barns.



Verkefnanevndin og leiðbeinendur.



Gylfi Þór og Audur formaður.

Góður gestur og ánægjuleg fjölgun hjá Fjölni

Þriðji fundur starfsársins hjá Lionsklúbbnum Fjölni var haldinn þann 25. október s.l. í Lionssalnum Hlíðarsmára 14 í Kópavogi.

Mikið stóð til því von var á góðum gesti, Sigmundi Erni Rúanarssyni, sjónvarpsstjóra og ritstjóra hjá Torgi, sem var svo vinsamlegur að koma til okkar og flytja fyrirlestur.

Auk þess var framundan að taka inn fjóra nýja menn í klúbbinn (sjá neðri mynd til hægri). Það var í höndum Ingimars Skúla, formanns Fjölnis að annast um inntöku nýju félaganna, allt eftir reglum Lions. Byrjaði Ingimar Skúli á því að fara yfir siðareglur Lionshreifingarinnar og kallaði svo upp hina nýju féлага, hvern á fætur öðrum og sæmði þá merki Lionshreifingarinnar.

Guðjón Smári var meðmælandi þriggja nýrra féлага, þeirra Bjarka Þórs Þórissonar, Halldórs Sævarar Guðbergssonar og Jakobs Mána Sveinbergssonar. Ingimar Skúli var meðmælandi fjórða nýja félagans, Péturs Þormar. Var nýjum félögum fagnað vel og innilega með lófataki.

Fjölnismenn heimsækja Krýsuvík

Lionsklúbburinn Fjölnir fór í heimsókn í Krýsuvík til að athuga hvernig klúbburinn gæti best orðið að liði við heimilið, sem hefur verið okkar stærsti skjólstaðingur mörg undanfarin ár.

Átta félagsmenn mættu í Krýsuvík á fallegum síðsumarsdegi.

Var tekið vel á mót Fjölnismönnum með frábæru kaffi og heima-bakaðri rabarbaraböku með rjóma og súkkulaðisósu.

Staðarhaldarar gengu með okkur um húsið og ræddu reksturinn. Mest aðkallandi sögðu þeir vera viðgerðir og endurnýjun á dýnum í rúmum sem margar hverjar eru orðnar ansi lélegar og sumar jafnvel ónýtar. Dýurnar eru íslensk framleiðsla frá RB og því mögulegt að gera við og lagfæra sumar þeirra en í nokkrum tilvikum verður að kaupa nýjar. Verkefnið er nú komið vel á veg og vonandi verður hægt að afhenda dýurnar til Krýsuvíkur fyrir Jól.



Sigmundur Erni Rúanarsson, (fyrir miðri mynd), sjónvarpsstjóri, ritstjóri og útgefandi hjá fjölmiðlasamsteypunni Torgi, heiddraði Fjölnismenn með heimsókn. Sigmundur Erni hélt skemmtilegan og fróðlegan fyrirlestur sem fjallaði m.a. um fjölmiðlaferil hans og stöðu fjölmiðlunar hér og erlendis um þessar mundir. Vinstra megin við Sigmund Erni er Ingimar Skúli Sævarsson, formaður Fjölnis og til hægri er Baldvín Gunnlaugur Heimisson, ritari Fjölnis.



Það er ávallt fagnadarefni þegar nýir menn bættast í hóp Lionsfélaga. Á myndinni að ofan eru fjórir nýir félagar sem bættust í hópinn hjá okkur Fjölnismönnum.

Þeir eru, talið frá vinstri:

Halldór Sævar Guðbergsson, Bjarki Þór Þórisson, Jakob Máni Sveinbergsson og Pétur Þormar. Þessir nýju félagar eru allir boðnir hjartanlega velkomnir í Fjölni og vænta eldri félagar mikils af þessum nýju félögum í framtíðinni.

Á myndinni hér til vinstri má sjá féлага og gesti Fjölnis við upphaf fundarins.

Fjölnismenn fá góða saðningu

Lionsklúbburinn Fjölnir, eins og aðrir Lionsklúbbar, leggur áherslu á að fundir séu ánægjulegir; stundum jafnvel grínaktugir. Gott er að fá góða gesti utan úr samfélaginu með fróðleg erindi. Og ekki má gleyma saðningunni. Það er fátt notalegra en að hittast í góðra vina hópi og setjast að góðri máltíð þar sem málin eru rædd og krufin og vitanlega komist að hinni einu og sönnu niðurstöðu. Í byrjun hausts gerði Lionsklúbburinn Fjölnir saming við HH Veitingar sem munu sjá um matseld fyrir fundina hjá okkur. Samstarfið lofar góðu og óhætt að mæla með því. Nánari upplýsingar fást hjá: HH Veitingar s. 7858438.

Á myndinni er hún Jóhanna Guðmundsdóttir hjá HH Veitingum. Hún kemur færandi hendi með gómsætan mat og glæðlegt viðmót til okkar Fjölnismanna.





Leiðtogaskóli Lions 2023 – Fyrir þig!

Vertu sterkari einstaklingur og leiðtogi!

„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér. Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“

Lee Warren kennari við Harvard háskóla í Bandaríkjunum



Leiðtogaskóli Lions 2023

Tími: 17.-19. febrúar 2023, þriggja daga helgi

Staður: Lionsheimilið, Hlíðasmára 14, Kópavogi

Verð: Þátttökugjald er 25.000,-
Innifalið er kennsla, námsgögn, matur og kaffi auk viðurkenningarskírteinis að námi loknu. Innifalinn er kvöldverður á laugardeginum fyrir þátttakendur (makar velkomnir á kostnaðarverði).

Mörg stéttarfélög endurgreiða hluta þátttökugjalds eða allt.

Umsóknarfrestur til 11. febrúar 2023

Umsóknum svarað ekki seinna en 13. febrúar 2023

Þátttakendur: Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði reyndir og óreyndir félagar á öllum aldri, stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. *Námið hentar sérstaklega vel viðtakandi klúbbsjórnun.* Þetta er mjög þroskandi nám sem eflir þig sem einstakling og starfsmann.

Hámarksfjöldi: 30 manns.

Marmið námsins: Að þjálfra einstaka leiðtogahæfileika og -aðferðir til að yfirstíga hindranir og búa til tækifæri til framfara.

Kennt er íslenskað efni sem Lions Clubs International hefur útbúið fyrir leiðtogapjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólann (á ensku: RLLI).

Helstu námsgreinar: Fjölbreytileiki//Að virkja og hvetja//Þátttaka í teymi//Markmiðasetning//Að leysa ágreining//Innleiðing breytinga//Áhrifaríkur ræðuflutningur//Bakland Lions//Tímastjórnun//Virki hlustun og samskipti//Eigin markmiðsyfirlýsing//Skapandi hugsun

Nánari upplýsingar og skráning hjá Halldóri Kristjánssyni, GLT stjóra, sími: 893 0090, halldor@tv.is og Jóni Pálmasynti, jp@verkis.is.

Umsókn um þátttöku og nánari upplýsingar um námið má finna á slóðinni <https://forms.office.com/r/GcJqpuvtub>.

Vertu stjórnandi framtíðar!

**Náðu árangri! ... Vertu í fararbroddi í samfélaginu!
Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.**

Lionsklúbburinn Æsa

Smá um Lionsklúbbinn Æsu Njarðvík.

Við fögnuðum 25 ára afmæli klúbbsins á árinu. Á afmælisdeginum, 26. apríl, voru afhentar gjafir úr líknasjóði og buðum upp á kaffiveitingar í innri Njarðvíkur kirkju. Lokafundur og stjórnarskipti voru haldinn ásamt mökum í sveitasælunni að Varmalandi í Borgarfirði þann 30. apríl.

Við höfum starfsárið á okkar með 1. fundi þann 6. september í Búmannsalnum, Njarðvík. Því miður hætti ein félagskona og einn af stofnfélögum Lionsklúbbsins Æsu. En það sem af er starfsárinu okkar höfum við tekið inn 2 nýja félag.

Fyrsti milli fundurinn okkar átta að vera birkifrættisla en því miður voru nánast engin fræ í ár þannig að við höfðum nokkurskonar óvissuferð. Sameinuðust félagar í nokkra bíla og var farið til Grindavíkur þar sem Vignir

Kristinsson trélistamaður var heimsóttur og síðan var rölt yfir í Salthúsið þar sem félagskonur fengu sér súpu.

Annar milli fundurinn okkar sá „Félagabyrgðar- og kynningarnefnd“ um og var haldið í heimsókn á Hrafnistu í Reykjanesbæ, Nesvelli við Njarðarvelli. Þar tók Þuríður Elísdóttir, forstöðumaður Hrafnistuheimilanna í Reykjanesbæ, á móti okkur og fræddi okkur um starfsemi hjúkrunarheimilanna Nesvalla og Hlévangs.

Lionsklúbburinn Æsa tók þátt í blóðsykursmælingadeginum sem var 11. nóvember í Nettó Reykjanesbæ. Alls voru 326 voru mældir.

Líknarnefndin okkar er búin að afhenda styrki í eftirfarandi sjóði; Velferðarsjóð Suðurnesja, LCIF - Alþjóða hjálparsjóðinn, Nes-Íþróttafélag fatlaðra á Suðurnesjum einnig var keypt vararafstöð fyrir leik- eða grunnskóla í

Úkraínu. Lionsklúbburinn Æsa tók þátt í að gefa 3. bekk í grunnskólum á Suðurnesjum litabækur um brunavarnir og kom slökkviliðið með bíl til að sýna börnum ásamt myndbandi sem sýnt var um brunavarnir.

Fram undan til áramóta eigum við eftir að halda hátíðar jólafund síðan bíður líknarnefnd okkur á milli fund í heimahúsi.

Í staðinn fyrir afmælisgjafir á stórafmælum höfum við í Lionsklúbbum Æsu ákveðið að færa félagskonum okkar Kjaransmerkið og styrkjum við með því Heiðurssjóð Guðrúnar Bjartar, íslenska hjálparsjóðinn okkar allra.

Við Æsur hlökkum til þeirra verkefna sem fram undan eru og göngum til verka með það markmið „að fjölga félögum og hafa gaman“.

*Með bestu kveðju og gleðileg jól.
Guðbjört Ingólfsdóttir*



HEIÐURSSJÓÐUR GUÐRÚNAR BJARTAR – Íslenski Hjálparsjóður Lions

Stjórn sjóðsins óskar lionsfélögum og velunnurum um land allt gleðilegra jóla og farsælt komandi ár og þakkar kærlega fyrir stuðninginn á árinu sem er að líða. Við viljum minna ykkur á sjóðinn okkar, sem þarfnast ykkar stuðnings kærri lionsfélgar. Það er hægt að styðja sjóðinn okkar með að kaupa merkin og afhenda félögum eins er hægt að greiða styrk til sjóðsins okkar. Svo minnum við auðvitað á Kjaransorðuna.

Fyrir hönd stjórnar
Hörður Sigurjónsson PCC
Laufey Jóhannsdóttir PCC
Þorkell Cýrusson PCC



Í samræmi við starfsreglur og lög fjölumdæmis 109 vill fjölumdæmisráð koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjölumdæmis og umdæmisþing það 68. verða haldin á Akureyri dagana 19. og 20. maí 2023. Framboð til embætta og tillögur skal taka fyrir á fjölumdæmis og umdæmisþingum 2023. Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt lögum fjölumdæmis 109.

- 1) **Mál og / eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi / þingi fjölumdæmisráðs skulu pósthleggjast umdæmisstjóra / fjölumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmisþing / þingi fjölumdæmisráðs.**
(Síðasti skiladagur fyrir 68. Lionsþing er því 6. apríl 2023).
Fjölumdæmisráð / umdæmisstjórnir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.
- 2) **Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, fyrsta og annars vara umdæmisstjóra fyrir starfsárið 2023 – 2024 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2023. Kjörgengi til embættis umdæmisstjóra hefur fyrsti varaumdæmisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra hefur annar varaumdæmisstjóri.**
Um kjörgengi til embættis annars varaumdæmisstjóra segir í lögum Fjölumdæmis 109:
Sá einstaklingur skal vera:
 - a) Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjölumdæmi 109.
 - b) Hafa tryggt sér stuðning síns klúbbs eða meiri hluta klúbba síns umdæmis.
 - c) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs og hafa setið í stjórn Lionsklúbbs í a.m.k. tvö önnur ár.
 - d) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti (svæðisstjóri, gjaldkeri/ritari) í umdæmisstjórn.
 - e) Ekki má gegna ofangreindum embættum (c og d) samtímis nema til komi undanþága frá Alþjóðastjórn.
- 3) **Tillögur um framboð til embættis fjölumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2023 – 2024, til embættis vara fjölumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2023 – 2024 skal senda fjölumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2023. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjölumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjölumdæmisstjóra og til embættis vara fjölumdæmisstjóra sem gengt hafa embætti umdæmisstjóra.**
- 4) **Á þingum umdæma og fjölumdæmisráðs á Akureyri verður:**
 - a) Kosið í embætti umdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2023 – 2024.
 - b) Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2023 – 2024.
 - c) Kosið í embætti fjölumdæmisstjóra starfsárið 2023 – 2024.
 - d) Kosið í embætti vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2023 – 2024.

Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti fjölumdæmisráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2022:

- | | |
|-------------------------------------|--------------|
| e) GLT stjóri til eins árs | 2023 – 2024. |
| f) GMT stjóri til eins árs | 2023 – 2024. |
| g) GST stjóri til eins árs | 2023 – 2024. |
| h) NSR-AU nefnd til 5 ára | 2023 - 2028. |
| i) Þing og protokolstjóri til 3 ára | 2023 – 2026. |
| j) Medic Alert stjóri til eins árs | 2023 – 2024. |

Embætti sem þarf að kjósa um á þingi fjölumdæmisráðs en falla ekki undir framboðsfrest:

- k) Fjölumdæmisritari til eins árs,
- l) Fjölumdæmisgjaldkeri til eins árs,
- m) Netstjóri ótímabundið.
- n) Tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs.
- o) Aðrir þeir embættismenn sem ráðið telur nauðsynlega og skulu kosnir árlega.

Embætti í liðum 4e – 4o eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.

Kópavogur 2. desember 2022
 Kristófer A. Tómasson Fjölumdæmisstjóri 109 2022 – 2023
 Víðir Guðmundsson Umdæmisstjóri 109 A 2022 – 2023
 Sigurður Steingrímsson Umdæmisstjóri 109 B 2022 - 2023

40 ár frá stofnun Lionsklúbbsins í Olsztyn í Póllandi



Hluti íslenska hópsins í skoðunarferð.



Félagarnir í nýstofnaða klúbbum. Tadeisz Cieielski formaður heldur á skjalinu, Franciszek Willamowski umdæmissjóri og Friðrik Gunnarsson Konsúll fyrir miðju.

Eftir seinni heimsstyrjöldina var Pólska alþýðulýðveldið stofnað undir Ehandarjaðri Rússa. Á níunda tug síðustu aldar voru miklar róstur í Póllandi sem enduðu með frjálsum kosningum 1989. Þá var Leck Walesa formaður Samstöðu kosinn forseti. Mikil fátækt ríkti í Póllandi á þessum árum og skortur á öllum sviðum.

Á lionsþinginu í Turku í Finnlandi árið 1991 lögðu danskir lionsmenn fram tillögu sem þeir kölluðu „stuðningsátak við nágrennaþjóðir“. Tillagan snerist um að skipta Eystrasaltlöndunum og Póllandi á milli Norrænu lionsumdæmanna þannig að sama hlutfall væri milli fólksfjölda á úthlutuðum svæðum og fjölda lionsmanna í Norrænu umdæmunum. Í hlut Íslands kom norðausturhluti Póllands sem heitir Olsztyn og þar er höfuðborgin með sama nafni. Á svæðinu bjuggu um 739 þúsund manns.

Á þessum tíma voru Norrænir lionsmenn þegar farnir að starfa í Póllandi. Þýskir og sænskir klúbbar höfðu stofnað nokkra lionsklúbba. Veturinn 1991 voru íslenskir lionsmenn viðstaddir stofnun kvennaklúbbs í Posdan ásamt lionessuklúbbi. Það var því strax augljóst að til að geta hrint í framkvæmd verkefni í Olsztyn þá yrðum við að stofna þar klúbb og fylgja eftir kjörorðinu „frá Lions til Lions“.

Haustið 1991 var hafist handa með dyggum stuðningi Friðriks Gunnarssonar pólska konsúlssins, sem jafnframt var félagi í Lionsklúbbi Seltjarnarness að aðstoða við stofnun þessa klúbbs. Friðrik hafði samband við Lionsklúbbinn Neptun í Gdansk um að aðstoða okkur við að finna aðila til að taka þátt í stofnuninni.

Fljótlega var okkur sendur nafnalisti 23 væntanlegra félaga. Þegar hér var komið var leitað til svæðis 6 að veita stofnun klúbbsins forstöðu og standa undir öllum kostnaði varðandi stofnun klúbbsins. Lionsklúbbur Hafnarfjarðar var síðan valinn til að vera móðurklúbbur og ritari klúbbsins Björgúlfur Þorsteinsson var skipaður ábyrgðarmaður verkefnisins. Stofnaskárdagur var ákveðinn laugardaginn 6. júní 1992. Lionsmenn hér á landi voru hvattir til að fara til Póllands og taka þátt í stofnskrárhátíðinni. Skipulögð var ferð til Olsztyn. Fjöldmargir félagar skráðu sig strax til þátttöku. Stofnskrárhátíðin var hátíðleg og þar var greinilega mikill hugur í nýju lionsfélögunum.

Verkefnum var þegar hrundið af stað hér á landi. Má þar nefna að Lionsklúbbur Garðabæjar sendi 40 sjúkrarúm til Gdansk sem komið var þar fyrir á þvagfæraeild Háskólasjúkrahúsins. Rúmi fékk klúbburinn frá Borgarspítalanum, þar var verið að skipta út rúmum fyrir fullkomnari rúm.


Lionsklúbbur á svæði 6 greiddu svo í mörg ár öll gjöld fyrir hinn nýstofnaða lionsklúbb í Olsztyn. Íslenskir lionsmenn gátu verið virkilega stoltir af þessu verkefni.

Guðrún BjörtYngvadóttir fyrrverandi alþjóðaforseti sendi heillaóskir til klúbbsins á 40 ára afmæli hans. Hún ásamt eiginmanni sínum Jóni Bjarna Þorsteinssyni voru þátttakendur.

Arthur Knut Farestveit fyrrverandi alþjóða samskiptastjóri



Sjúkrarúmin til Gdansk sett í gám við Borgarspítalan.



Þvagfæraeildin við Háskólasjúkrahúsið í Gdansk. Svona leit hún út áður en nýju rúmin komu.

Lionsklúbburinn Emblur



Emblur að lokinni gróðursetningu.



Lokafundur í vorblíðunni í Hoeragerði.



Í rabbarar hjá Kjartani.

Enn eitt árið kveður og minningar liðins árs streyma fram. Loksins laus við Covid, eða svo til, svo nú fór starfið hjá okkur Emblum að ganga sinn vana gang. Árinu lauk með skemmtilegum jólafudi þar sem þrjár nýjir félagar gengu í klúbbinn okkar, þær Bára Leifsdóttir, Brynja Ágústsdóttir Símonsens og Kristín Árnadóttir, virkilega flottar konur sem mikill liðsauki er af. Ýmislegt tókum við okkur fyrir hendur, seldum Rauðu fjöðurina í samstarfi með Lionsklúbbs Selfoss, salan gekk mjög vel. Þá vorum við einnig í samstarfi með L.kl. Selfoss þegar við gáfu sérútbúið sjúkrarúm ásamt fylgihlutum á líknardeild HSU. Í vor útnefndur við tvær öflugar Emblur, þær Brynhildi Tómasdóttir og Sigurbjörgu Hermundsdóttir, Melvin Jones féлага. Við höldum mjög skemmtilegar loka fund, fórum í Hveragerði, vorum mættar þar um hádegi, borðuðum í Gróðurhúsinu, gerðum svo alls konar skemmtilegt fram eftir degi, enduðum á Hótel Örk þar sem við mutum lífsins, borðuðum góðan mat og gístum. Síðasta



Kristín Þorfinnsdóttir heitin sem fulltrúi Íslands í skruðgöngu á alþjóðþingi Lions..



Tískusýning frá Lindinni og Emblur sýna.

verkið hjá okkur að vorinu er að „gróðursetja formanninn“ þá förum við með veglega hríslu í Emblulundinn okkar, í Hellisskógi, þar sem við höfum skógar reitur til ræktunar.

Sumartímamann tókum við yfirleitt rólega, samt er eitt verkefni sem við höfum haft í mörg ár, við snirtum rabbarara, áður en hann er brytjaður og fer í sölu, fyrir rabbarara bónda á Löngumýri á Skeiðum, það eru bara gleðistundir og skemmtileg samvera. Hjá okkur í

L.kl. Emblu hefst svo starfið að hausti með tilhlökkun og gleði yfir að hittast og eiga góðar stundir saman, en núna var það öðruvísi, sorgin barði að dyrum þegar við misstum okkar öflugasta féлага, Kristínu Þorfinnsdóttur, sem lést langt fyrir aldur fram. En Lífið heldur áfram. Í byrjun nóvember höldum við mjög vel heppnað vinkvenna kvöld, með fjölbreyttri dagskrá, borðuðum saman góðan mat, hlustuðum á tónlist og gamanmál, sýndum



Guðrún Guðnadóttir og Kristín Björnsdóttir fengu Kjarans gullmerki.



Ingibjörg Jóna og Guðrún selja rauða fjöður.



Melvin Jones Brynhildur Tómasdóttir og Sigurbjörg Hermundsdóttir.



Líknarrúm afhent á Hsu.



Blóðsykurmæling.



Melvin Jones Þorfinnsdóttir og Guðrún Guðbjartsdóttir.



Inntaka nýrra féлага þeirra Báru Leifsdóttir, Brynja Simonsen og Kristín Árnadóttir.

nýjstu tísku. Nú í haust höfum við útnefnt tvær aðrar öflugar Emblur Melvin Jones féлага, þær Guðrúnu Guðbjartsdóttur og Þuríði Þórmundsdóttur og einnig veittum við tveimur félögum okkar Kjarans gullmerki, þeim Guðrúnu Guðnadóttur og Kristínu Björnsdóttur, fyrir dugnað og fórnfýsi í störfum. Aldrei gert of mikið af því að hrósa. Núna í mánaðarlok sameinuðust við og L.kj.Selfoss um blóðsykurmælingar þar sem 269 manns létu mæla sig, flestir komu vel út. Jólafundinn okkar höldum

við svo með L.kl. Selfoss, sem örugglega verður mjög skemmtilegt.

Því miður eins og áður misstum við góðan féлага úr klúbbum okkar þegar Kristín Þorfinnsdóttir lést langt um aldur fram. Hennar er mikið saknað meðal okkar Emblukvenna. Eins og flestum er kunnugt starfaði Kristín mikið fyrir hreyfinguna á Íslandi bæði innan lands sem á erlendum vettvangi. Ég læt fylgja mynd þar sem hún er fulltrúi okkar Íslendinga í skróðgöngu á alþjóðþingi Lions.

Að lokum óskum við stelpurnar í L.kl. Emblu öllum lionsfélögum, fjölskyldum þeirra og öðrum landsmönnum gleðilegra jóla árs á friðar.

F.h. L.kl. Emblu Guðmunda Auðunsdóttir, blaðafulltrúi.



Blóðsykurmælingar



Lionsklúbburinn Úa og Lionsklúbbur Mosfellsbæjar stóðu fyrir blóðsykurmælingum í Bónus Mosfellsbæ í nóvember síðastliðnum. Nóvember er mánuður vitundarvakningar um sykursýki og er 14.

nóvember „Alþjóðadagur sykursýkisdagurinn“. Myndirnar eru frá mælinum þeirra.

Minning + Áslaug Magnúsdóttir



Áslaug Magnúsdóttir, vinkona okkar í Lionsklúbbum Ösp á Akureyri lést 26. september síðast liðinn en hún var fædd á Akureyri 28. maí 1944. Áslaug var virkur félagi í Lionshreyfingunni allt frá stofnun Lionessklúbbsins Aspar á Akureyri 1986 sem síðar varð Lionsklúbburinn Ösp 1994.

Við Áslaug vorum gjarnan saman í nefnd en nefndum Asparkvenna er ætlað að skipuleggja fundina til skiptis. Þegar þannig háttaði að halda ætti undirbúningsfundir stóð heimili Áslaugar ætíð opið. „Æ, ég verð bara með kaffisopa og kannski eitthvert „kruðiri“ þegar þið komið“. Eins og þeir víta sem til þekkja þá var „kruðiri“ Áslaugar uppdekkad borð með postulínsbollum, alls kyns kræsingum og jafnvel finlegum vinstaupum „svona rétt til að dreypa á með kaffinu“. Þessar gæðastundir voru sem sagt ekkert slor og ákaflega notalegar.

Áslaug sat fyrsta fund starfsársins í Lionsklúbbum Ösp, þann 8. september síðastliðinn. Það var hugur í okkur og samkvæmt nefndaskipan vetrarins áttum við að sitja saman í nefnd. Í þetta skiptið kom það í hennar hlut að stýra nefndinni. „Það verður nú lítið úr mér að skrá fundargerð“ sagði Áslaug en sjón hennar hafði hrakað mjög hratt undangengin ár. „Það verður ekkert mál“ sagði ég „ég skal skrifa fundargerðirnar“ og ekki var laust við að ég sæi „kaffisopa og kruðiri“ í hillungum.



Við Asparkonur söknum Áslaugar sárlega og höfum í raun ekki áttað okkur á því enn að hún sé ekki lengur til staðar. Áslaug var alla tíð úrræðagóð og snjöll svo aldrei var komið að tómunum kofanum hjá henni, stálminnug fram á síðasta dag.


Við í Lionsklúbbum Ösp á Akureyri þökkum Áslaugu af allhug alla hennar vináttu og visku.

Fyrir hönd Lionessklúbbsins Aspar,
Anna Sigríður Halldórsdóttir.

Desember – myndasíða

- Bryndís Ragnarsdóttir
- Friðgeir H. Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma







Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ Aðventustund í Mosfellsbæ

Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ buðu til notalegrar aðventustundar í Lágafellskirkju laugardaginn 26. nóvember s.l., þetta var í fyrsta skipti sem klúbbarnir héldu slíkan viðburð, en vonir þeirra sem skipulögðu standa til að aðventustundin verði árlegur viðburður í starfi klúbbanna hér eftir.


Skapast hefur sú hefð að lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ veiti árlega framlög í Hjálparsjóð Lágafellssóknar, sem fyrir hver jól, úthlutar aðstoð til handa fjölmörgum fjölskyldum og einstaklingum búsettum í Mosfellsbæ þar sem þröngt er í búi fyrir jólin. Aðstoð sjóðsins er veitt í formi inneignarkorta í matvöruverslunum. Fram til þessa hafa klúbbarnir veitt framlögín á sínum hefðbundnu klúbbfundum hvor í sínu lagi þar sem sóknarprestur hefur veitt styrkj-

unum viðtöku. Í ár var ákveðið að fara þá leið að setja saman notalegan viðburð sérstaklega af þessu tilefni og setja saman smá dagskrá í kringum það. Við fengum til okkar ungt og upprennandi tónlistarfólk sem flutti okkur ljúfa tóna. Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar flutti ávarp um fátækt, en það er málefni sem hún þekkir til úr sínum störfum, en hún starfaði í fimm ár sem sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar áður en hún kom til starfa í Mosfellsbæ. Bragi Ragnarsson fór yfir hluta af sögu Lionsklúbbs Mosfellsbæjar, sem nú spannar hátt í 60 ár. Signý Sigtryggisdóttir sagði frá starfi Lkl. Úu, sem verður 15 ára 10. desember n.k., einnig sagði hún frá sínum fyrstu minningum af Lionshreyfingunni. Að lokum var svo formlega afhent sameiginlegt

framlag lionsklúbba í Mosfellsbæ árið 2022 að upphæð 500.000 kr. í Hjálparsjóð Lágafellssóknar. Það voru Ida Hildur Fenger (Lkl. Úa) og Þorsteinn Yngvi Bjarnason (Lkl. Mosfellsbæjar) sem afhentu framlagið fyrir hönd klúbba og var það sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn, starfandi sóknarprestur, sem veitti því viðtöku fyrir hönd hjálparsjóðsins. Að dagskrá lokinni var svo gestum boðið að þiggja kaffiveitingar sem Úurnar höfðu framreitt í skrudshúsi Lágafellskirkju.

Eins og áður sagði, var almenn ánægja með þessa notalegu stund sem vonandi verður árviss hluti af jólaundirbúningi okkar hér eftir.

*Jóla- og lionskveðja úr Mosfellsbæ
Lionsklúbbur Mosfellsbæjar
Lionsklúbburinn Úa*



*Lionsklúbburinn Njörður
óskar öllum lionsfélögum um land allt
gleðilegra jóla og farsælt komandi árs og þakkar
fyrir samstarfið á árinu sem senn er liðið.*

Lionsklúbburinn Kaldá

Skemmtilegt vetrarstarf er hafið hjá okkur í Kaldá. Fyrsti fundur var haldinn í „Húsinu á Holtinu“ fallegum stað nálægt Hafrvatni. Þar voru fjórir félagar teknir inn og gestur fundarins var Guðrún Ingvadóttir fyrrverandi Alþjóðaforseti Lions.

Fjáröflun í haust var fiskibollu steikin. Fyrsta lögun seldist upp svo aftur var skellt í bollur. Allt seldist og verðum við með fiskibollur eftir áramótin

Annar fundur okkar var Pálínuboð og í nóvember var „vinkonufundur“ sem haldinn var í glæsilegum sal Lions að Hlíðarsmára. Góður matur, happdrætti, tískusýning og tónlistarmaður. 50 konur voru á þessum fundi.

Klúbbarnir þrír í Hafnarfirði voru með blóðsykurmælingu í lok nóvember sem gekk mjög vel og voru 275 einstaklingar mældir.

Í byrjun desember verður glæsilegur Jólafundur með karlklúbbunum tveimur hér í Hafnarfirði.

Við tökum þátt í Lions verkefninu að kaupa rafstöð fyrir leik- og grunnskóla í Úkraínu og styðjum Mæðrastreksnefnd með matarúthlutun í góðu samstarfi við Fjarðarkaup.

*Gleðileg jól og gjöfult lionsstarf
Jórunn Jörundsóttir*



Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Stjórn klúbbsins komin í jólasþap.



Úlfur Atlason formaður.

Senn líður að jólum, jól eru ein af mestu trúarhátiðum kristinna manna, en auk þess halda heiðnir og trúlausir upp á jól í tilefni rísandi sólar og hefða. Í dagatali nútímans er hinn eiginlegi jóladagur 25. desember en víða stendur hátíðin yfir frá 24. desember til 6. janúar eins og er hjá okkur Íslendingum. Klúbbarnir þrír í Hafnarfirði verða með jólaskeggtun í byrjun desember, sem er í þriðja sinn sem þeir skeggtu sér saman á þessum árstíma og er alltaf jafn gaman að hittast. Ingvar Viktorsson verður veislustjóri eins og hann var á þeim fyrri og er alltaf jafn skeggtilegur. Vetrastarfið hefur

gengið vel og mæting með besta móti þótt nokkrir klúbbfélagar séu á sólarströnd. Klúbbarnir þrír voru með blóðsykursmælingar í Firðinum um miðjan nóvember sem var vel sótt af bæjarbúum og þurftu nokkrir að fara til nánari athugunar hjá lækni.

Um miðjan október var klúbbfélögum boðið að heimsækja Innnes sem er ein af stærstu matvöru heildverslun landsins. Forstjóri fyrirtækisins, Magnús Óli Ólafsson tók vel á móti klúbbfélögum og gekk með okkur um húsið, sem er risastórt, hátt til lofts og vítt til veggja og mjög tæknilegt. Eftir göngu um húsið

var okkur boðnar góðar veitingar og að þeim loknum var myndasýning sem sagði frá sögu fyrirtækisins, um byggingu þessa stóra húss frá einu stigi til annars. Eitt af verkefnum okkur er afar hugleikið en það er stuðningur við Íþróttafélagið Fjörð, bæði peningalega og verklega. Laugardaginn 19. nóv. sl. stóð Fjörður fyrir árlegu móti sínu í boccia og var þátttaka mjög góð. Dómgæsla var að venju í höndum okkar félaganna í LkH. og að lokum afhenti klúbburinn, bocciadeildinni veglega peningagjöf sem verður áreiðanlega vel nýtt hjá þessum ágætu vinum okkar í Íþróttafélaginu Firði. Formaður hefur verið duglegur við að segja klúbbfélögum frá umdæmis- fjöl- og svæðisfundum sem hafa verið haldnir að undanförunu og frá sjónvernd og sýndi okkur myndbönd í tengslum við það og frá leiðsöguhúndum sem hjálpa blindum. Kom fram í umræðunni um þessi mál að mögulega mætti rekja uppruna hvíta blindra stafsins til Lions og væri það verðugt verkefni að halda því á lofti ef rétt væri. Formaður sagði frá ferð sem hann fór til Portúgals á vegum Lions, þar sem hann var að læra til kennara í Lions



Flottir karlar í LkH. á klúbbfundi.



Magnús Óli Ólafsson ásamt klúbbfélögum.



Ásta Eyjólfsdóttir frá Mæðrastyrksnefnd tekur við glæsilegum styrk úr hendi Magnúsar Ingjaldssonar verkefnastjóra.



Dómarar í Boccía á jólamóti Fjarðar.



Davíð Þór Jónsson, Jóhannes ritari og Úlfur formaður.



Gólfélagarnir Haraldur Ben. og Magnús Jónsson, varaformaður.



Ingvar Viktorsson, formaður MCC og veislustjóri.



Klúbburinn hefur gefið meir en 50\$ á hvem félagi í Alþjóða hjálparsjóð Lions.

fræðum og hefur nú rétt til þess að kenna þau á Íslandi og þar með í Leiðtogaskólanum. Formaður sagði einnig frá að hann og afi hans Björgúlfur Þorsteinsson hafi tekið á móti fjórum Lions mönnum frá Nepal, farið með þá í Lions reit, Gullna hringinn og kynnt fyrir þeim Lions starfið hér á landi. Björgúlfur hefur í nokkur ár haft samband við ein af þeim, en ferð þeirra til Íslands hefur staðið til í nokkurn tíma. Markmið Lions manna í Nepal er að safna fyrir sjúkrabílum en þá sárvanta þar í landi á vissum




Ívar Þórarinnsson, verkefnafulltrúi og sögumaður góður. Klúbbfélagar og eiginkonur á Þórsplani.



stöðum. Góður gestur kom í heimsókn, Davíð Þór Jónsson sem er í forsvari fyrir Rynbeby samtökin hér á landi en þau hafa það á sinni stefnuskrá að safna fé fyrir langveik börn. Team Rynbeby eru hjóla lið frá öllum norðurlöndum auk Pýskalands, Sviss og Belgíu. Liðin hjóluðu 9. til 16. júlí sl. í gegnum Evrópu og enduðu ferðina með því að hittast saman í garði í París eftir 1300 km. ferðalag á hjólum í átta daga. Söfnunarfé sem kom í hlut Íslands rann allt til Umhyggju, sem eru samtök 15 aðildafélaga Langveikra barna á Íslandi. Félagi okkar Halldór Svavarsson varð átræður í júlí og Magnús Ingjaldsson í október, voru þeir báðir sæmdir gull merki Kjaransorðu.

Verkefnanefnd undir stjórn Magnúsar Ingjaldssonar hefur staðið í ströngu við að úthluta styrkjum til hinna ýmsu félaga og samtaka, þar á meðal til Mæðrastyrksnefndar í Hafnarfirði sem fékk glæsilegan styrk í formi greiðslukorta, ásamt fjórðungs framlagi frá Fjarðakaupum. Ákveðið er að gefa Flensborgarskóla stjórnú kíkir í tilefni af 140 ára starfsafmæli skólans. Það er góður hugur í félögunum í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar, þeir eru kátir og horfa björtum augum til framtíðar. Bestu jóla- og áramótakveðjur frá okkur félögunum í LKH. Ljós: Fhg.

*Friðgeir H. Guðmundsson
Bladafulltrúi LKH.*



Lionsklúbburinn Þernan

Það hefur verið árleg hefð hjá Lionsklúbbnum Þernuni á Hellissandi að heimsækja Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar á fyrsta vetrar dag til að spila bingó, í ár var því seinkað um viku en var haldið 30. október.

Mættu Þernu konur og spila bingó með heimilisfólki á Jaðri ásamt því að bjóða upp á veglegar veitingar með kaffinu að bingói loknu.

Kveðja Kolbrún Ósk Pálsdóttir



Lionsklúbburinn Bjarmi Hvammstanga

Að beiðni sóknamefndar Hvammstangakirkju hefur Lionsklúbburinn Bjarmi Hvammstanga tekið að sér að koma fyrir ljósakrossum í Kirkjuhvammskirkjugarði fyrir þá sem þess óska.



Lionsklúbbur Vestmannaeyja stofnaður 6. apríl 1974



Frá smíði útsýnispalls 2005.



Lionsklúbbur Vestmannaeyja hefur verið að lfunda með umhverfis- og bygginganefnd Vestmannaeyjabæjar í október og nóvember um mjög stórt verkefni í Stórhöfða. Árið 2005 byggði Lionsklúbbur Vestmannaeyja útsýnispall fyrir Ferðamálasamtök Vestmannaeyja í Stórhöfða og árið 2008 byggði klúbburinn fuglaskoðunarhús ofan á pallinn fyrir Náttúrustofu Suðurlands. Mikil ásókn er í húsið af ferðamönnum og annar mannvirkid ekki þeim mikla mannfjölda, sem þangað sækir og er því bráðnauðsynlegt að stækka þetta eftirsóttá hús og bæta öryggið á bjargbrúninni.

Vestmannaeyjabær vill fá klúbbinn til að byggja stórar útsýnissvalir utan á fuglaskoðunarhúsið á þrjá vegu og munu ferðamenn geta notið umhverfisins og náttúrunnar bæði úti og inni. Klúbburinn mun fá greiðslu upp á tvær milljónir króna fyrir vinnuna og mun Vestmannaeyjabær skaffa allt byggingarefni svo sem timbur, steypu og skráfur. Búið er að

gera samning um verkefnið og skal því vera lokið fyrir 15. maí n.k.

Í sumar var vígð ný og glæsileg slökkvistöð við hátíðlega athöfn og við það tækifæri afhenti Lionsklúbbur Vestmannaeyja Slökkviliði Vestmannaeyja tvö stykki eiturefnagalla að andvirði ein milljón króna. Ágúst Óskarsson aldursforseti okkar í klúbbnum og stofnfélagi og sá eini af þeim, sem er enn starfandi í klúbbnum afhenti gjöfina og sagði um leið skemmtilega frá starfinu í Lionsklúbbs Vestmannaeyja.

Klúbburinn tók þátt í friðarveggsþjaldakeppninni í ár og skiluðu 17 börn frá Grunnskóla Vestmannaeyja inn myndum sínum í keppnina. Klúbburinn fékk 5 dómara frá Listasmíðjunni í Vestmannaeyjum að velja mynd til að fara í landsvalið. Verðlaunamyndin fyrir Ísland á síðasta árið kom frá Grunnskólanum í Vestmannaeyjum og vorum við klúbbfélagar ákaflega stoltir af okkar framlagi. Á næstu dögum munum við klúbbfélagar bjóða þeim



sem tóku þátt í friðarveggsþjaldakeppninni til pizzuveislu og afhenda þeim viðurkenningar

Blóðsykursmæling á vegum Lionsklúbbs Vestmannaeyja fór fram í Apótekararum fimmtudaginn 24. nóvember s.l. Tveir hjúkrunarfræðingar frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands sáu um mælinguna og Apótekarinn gaf okkur strimlana sem notaðir eru, og hafa þeir hjá Apótekararum alltaf gefið okkur strimlana undanfarin mörg ár. Alls fengu 200 manns mælingu og aðeins 2 þurftu að leita til



Frá afhendingu á gjafabréfum fyrir tveimur eiturefnagöllum.



Ágúst Óskarsson aldursforseti Lionsklúbbs Vestmannaeyja í góðum gir.



Auðlýsingin hennar Friðu Hramnar Halldórsdóttur



Ágúst Óskarsson stofnfélagi í klúbbnum afhenti Friðriki Páli Arnfinnssyni slökkviliðsstjóra gjafabréf fyrir tveimur eiturefnagöllum.



Eiturefnagallinn.



Frá blóðsykurmælingunni – frá vinstri Friðrik Harðarson og Pétur Árnason.



María Sif Ingimarsdóttir hjúkrunarfræðingur og Berglind Sigvarðsdóttir hjúkrunarfræðingur við blóðsykurmælingar.



Frá friðarveggspjaldakeppninni.

heilsugæslunnar. Heilsugæslan skaffaði okkur hjúkrunarfræðinga án endurgjalds og færir klúbburinn öllum þeim sem komu að verkefninu bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Blóðmælingin var vel auglýst og tóku fréttamiðlar í bænum vel á þeirri kynningu og

eins má geta að ung kona Friða Hrönn Halldórsdóttir útbjó fyrir okkur glæsilegt veggspjald sem hún gaf klúbbnum og var því víða dreift á netinu.

Árlega velur Lionsklúbbur Vestmannaeyja í samvinnu við HS veitur jólahús bæjarins og

hefur klúbbur gert þetta í rúm 20 ár og nú eru við félagarnir farnir að keyra um bæinn og skoða jólaskreytingarnar og reyna að finna jólahúsið 2022



Minning + Kjartan Þór Guðmundsson



Kjartan Þór Guðmundsson fæddist 23. ágúst 1948 í Reykjavík. Hann lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut 17. október 2022.

Eftirlifandi eiginkona Kjartans er Þórunn Drifa Oddsdóttir. Eignuðust þau þrjú börn.

Kjartan ólst upp í Reykjavík og um tíma í Vestmannaeyjum. Að lokinni hefðbundinni skólagöngu fór hann tvö sumur í enskúnam í Bretlandi. Hann útskrifaðist sem

vélfræðingur 1973 frá Vélskóla Íslands.

Árið 1981 söðlaði fjölskyldan um og flutti í Steingrímsstöð við Sog þar sem Kjartan tók stöðu 1. vélfræðings við raforkuverið. Kjartan starfaði hjá Landsvirkjun við Sog frá 1981 til starfsloka 2013. Við starfslok lét Kjartan gamlan draum rætast með því að ljúka námi í leiðsögumanna skólanum. Hann stundaði leiðsögn eins lengi og heilsan leyfði – sú vinna gaf honum mikið.

Fallinn er frá góður og traustur félagi og vinur. Kjartan var einn af stofnfélögum er Lionsklúbburinn Skjaldbreiður var stofnaður 13. maí 1982. Í gegnum árin þjónaði hann í öllum stjórnunarstöðum klúbbsins og reyndist ávallt tilbúinn til hinna margvíslegu starfa er klúbburinn tók að sér. Í þau fjörutú ár er Kjartan var félagi í Lionsklúbbnum Skjaldbreiður var hann einn af mættarstólpum starfsins. Hann var gerður að Melvín Jones féлага árið 2012 er við félagarnir héldum upp á þrjátíu ára afmæli klúbbsins.

Við félagarnir kveðjum Kjartan með virðingu og þakklæti fyrir samstarfið á liðnum árum.

Þórunni eiginkonu hans og fjölskyldu vottum við okkar dýpstu samúð.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Skjaldbreiður
Birgir Thomsen

Fréttir frá Lionsklúbbum Ylfu Akureyri



Nú er enn á ný komið að jólum og starfsárið næstum hálfnað. Ylfurnar byrjuðu að venju í lok ágúst þ.e. á Akureyrarvöku, sem haldin er í tengslum við afmæli Akureyrarbæjar þó svo að fyrsti formlegi fundur klúbbsins sé ekki fyrir en fjórða fimmtudag í september.

Hautbazar:

Í nokkur skipti höfum við haldið markað með ýmsu dóti sem við höfum fundið í geymslunum okkar eða okkur hefur áskotnast á annan hátt. Þar að auki höfum farið út í þá gömlu og góðu fjáröflun, kökubasar. Það kom okkur á óvart hversu vinsælt það er að kaupa sér tertur, aðallega marengstertur, með kaffinu. Þessi markaður var sem fyrir haldinn í bakgarði Aðalstrætis 6, einu af elstu húsum Akureyrar, byggt 1845. Skemmtileg og ljúf stemming myndast þarna og tíminn virðist standa í stað. Í ár lék veðrið við okkur þó svo að öðru hafi verið spáð. Það er ánægjulegt hversu margir Akureyringar eru farnir að líta þá þennan markað sem sjálfsgöðan þó svo að allir kaupi ekki eitthvað þá staldra margir við til að skoða, spjalla og þiggja kaffisopa.

Fræsöfnun

Ylfur láta sitt ekki eftir liggja þegar kemur að því að safna birkifræjum. Við teljum þetta góða

leið til að stuðla að landgræðslu og standa við markmið Lions um umhverfisvernd. Nokkrar Ylfur mættu í „bakgarð“ fyrirverandi umdæmistjóra og Ylfu, Önnu Blöndal, og söfnuðu í 9 frækassa. Frekar kalt var í veðri en falletg.

Lestraraðstoð

Eftir Covid pásu byrjaði klúbburinn aftur með lestraraðstoð fyrir börn af erlendum uppruna. Það verður að segjast eins og er að það gengur frekar slæga að byrja aftur eftir svona langt frí. En við gefumst ekki upp og höfum skipulagt viðveru á Amtsbókasafninu alla þriðjudaga milli hálf fimm og hálf sex. Þrjár Ylfur standa hverja vakt. Aðstoðina auglýsum við á Facebook síðum.

Kökubazar

Við höfum verið þess heiðurs aðnjótandi að vera með í sölusýningu hjá „ Norðlenskri hönnun og handverki“ Í fyrra urðum við fyrir því lúxusvandamáli að allar kökur seldust upp fyrir klukkan þrjú. Við ætluðum því að vera bæði með belt og axlabönd í þetta skiptið og bökuðum eins og enginn væri morgundagurinn. En viti menn allt uppurið upp úr klukkan tvö. Þessi fjáröflun er því sannarlega að reynast okkur vel. Þess má geta að Ylfurnar leggja mikinn metnað í allan þennan bakstur og voru

marengstertu nærri helmingur allra tertnanna og allar fagurlega skreyttar. Gömlu góðu kúmenkleinurnar slógu líka í gegn.

Hrekkjavaka

Októberfundur klúbbsins vara að vanda haldinn með hrekkjavökuívaði. Salur og borð skreytt á „hræðilegan“ hátt og fundarkonur klæddar í samræmi við hrekkjavöku. Sumar hverjar þurftu að kynna sig við komuna á fundinn svo góð voru gervin.

Blóðsykursmælingar

Laugardaginn 19. nóvember tóku Ylfur, ásamt öðrum lionsklúbbum á svæðinu, þátt í árlegri blóðsykursmælingu á Glerártorgi.

Nú hlökkum við til árlegs jólabazars okkar sem verður 10. desember.

Við óskum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Gerður Jónsdóttir fjölmiðlafulltrúi Ylfu.



Vorferð Lionsklúbbsins Eikar í Garðabæ maí 2022

Árið 2020 voru 35 ár síðan Lionessklúbburinn Eik var stofnaður, sem síðar varð Lionsklúbburinn Eik. Af því tilefni átti að fara í utanlandsferð, sem hættu varð að við vegna Covid. Eftir að fyrirséð var að takmörkunum yrði aflétt í febrúar, var ákveðið að fara í ferðalag í vor og gista eina nótt. Það voru svo 20 kátar konur sem héldu af stað í langþráð ferðalag frá Garðabæ.

Lagt var af stað á fundardegi klúbbsins í maí og ekið sem leið lá yfir Helligsheiðina til Hveragerðis. Fundur var settur í rútnunni á leiðinni. Eftir fundarslit tóku Klúbbnefnd og Afmælisnefnd við en nefndarmenn þeirra nefnda höfðu veg og vanda af skipulagi ferðarinnar.

Í Hveragerði var byrjað á að ganga Skáldagötuna undir leiðsögn síðameistara klúbbsins, Ásu Hildar Baldvinsdóttur. Mjög athyglisverð ganga því fæstar konur höfðu heyrt af þessari götu fyrr.

Ferðanefndin bauð upp á smurt brauð og eitthvað í fljótandi formi með í frábærri inniaðstöðu í Hveragarðinum. Á meðan konur nutu veitinganna og spjölluðu saman var fylgst með ferðamönnum sjöða egg í einum hvernunum.

Að lokinni hressingu í Hveragarðinum var haldið í lystigarðinn þar sem konur skoðuðu sig um og gengu langleiðina upp að Reykjafossi í Varmá.

Eftir að hafa kvatt Hveragerði var keyrt í Flóann, nánar tiltekið að bænum Forsæti. Þar er merkilegt safn sem sett hefur verið upp í hlöðu bæjarins með stórkostlegum útskurðarmunum eftir Siggu frá Grund. Einnig hafa ábúendur sett upp orgel sem tilheyrði Landakirkju í Vestmannaeyjum en var dæmt ónýtt af völdum gossins. Var það flutt upp á land í gosinu og sett upp í hlöðunni. Leiddi eigandinn, Ólafur Sigurjónsson, okkur um safnið og spilaði fyrir okkur á orgelið.

Að heimsókn í Forsæti lokinni var keyrt sem leið lá á Hótel Geysi þar sem konur áttu pantaða gistingu. Eftir smáhvíldartíma og að hafa snurfusað sig og farið í sparifötin, hittust konur í setustofu, þar sem boðið var upp á fordrykk. Var spjallað og hlegið þar til kallað var á í matinn.



Boðið var upp á þriggja rétta máltíð, sem rann ljúflega niður. Eftir að hafa borðað færðu konur sig í aðra setustofu, þar sem kátar konur spjölluðu fram eftir kvöldi og skemmtu hvor annarri m.a. með bröndurum.

Eftir morgunmat daginn eftir var gengið um hverasvæðið, horft á Strok gjósa nokkrum sinnum áður en lagt var af stað í áttina að Selfossi.

Þar var ný miðbærinn skoðaður, farið í fatabúð og verslað og þessi nýju/gömlu hús skoðuð. Áður en haldið var heimleiðis, var snæddur hádegismatur í mathöllinni í Mjólkurbúi Flóamanna.

Það voru ánægðar og glaðar konur sem lentu aftur í Garðabæ eftir velheppnaða og skemmtilega ferð.

*Auður Jóhannesdóttir
Formaður Lionsklúbbsins Eikar Garðabæ*





„Góðvild er smitandi“

Meira en 11.000 skimaðir fyrir sykursýki í Jakarta, Indónesíu

Í Indónesíu búa meira en 19 milljónir manna á aldrinum 20 til 70 ára með sykursýki, samkvæmt Alþjóðasamtökum sykursjúkra. Meira en 70 prósent af þessu fólki er ógreint.

Afleiðingar þess að lifa með sykursýki án greiningar og meðhöndlunar eru blinda, nýrnabilun, aflímanir, taugaskemmdir og hjartasjúkdómar.

Lions víðsvegar um District 307-A1 Indónesíu ákváðu að koma í veg fyrir þessar lífshættulegu afleiðingar með því að skima meira en 11.000 manns í samfélagi sínu fyrir sykursýki og vekja athygli á langvarandi heilsubilun vegna sjúkdómsins.

Með 23.248\$ sykursýkisstyrks frá Alþjóða hjálparstöði Lions (LCIF), tókst Lions í Umdæmi 307-A1 að stækka og búa Siti Mariam heilbrigðisstofnunina í Vestur-Jakarta búnaði til að skima fjölda fólks sem bjó við ógreinda sykursýki, auk þess að hjálpa þeim sem eru greindir með sykursýki að stjórna ástandi sínu.

„Ef sykursýki er ekki meðhöndluð getur það eyðilagt líf þitt. Og ef það hefur áhrif á fyrirvinnu heimilisins, þá er verið að tala um líf heillar fjölskyldu,“ segir Lion Jessie Budiman, styrkstjóri verkefnisins.

Til dæmis segir Budiman að ef fjölskyldufaðir getur ekki unnið lengur vegna þess að hann missti sjónina eða fóturinn var tekinn af vegna ógreindrar sykursýki, þá verður öll fjölskyldan fyrir áhrifum.

Fyrir meira en áratug hjálpuðu foreldrar Budiman, Henie og Anwar Budiman, bæði læknar, við að koma á fót Siti Mariam heilbrigðisstofnuninni með stuðningi Lions í Vestur-Jakarta. Og nú, 13 árum síðar, stækkaði Lions aðstöðuna til að koma á fót meðferðar- og forvarnarmiðstöð vegna sykursýki.

„Mér finnst sykursýki vera eitt sterkasta verkefni LCIF vegna þess að það er eitthvað sem þú getur raunverulega stjórnað. Þú þarft ekki að lifa með fylgikvillum sykursýki. Þú getur stjórnað því,“ segir Jessie Budiman. „Þetta snýst um að greina í tæka tíð, áður en það er of seint. Og það er það sem við vonum að miðstöðin okkar geti veitt.“

Peir fjámunir sem komu gegnum LCIF styrkinn gerðu Lions kleift að kaupa HbA1c prófunarstrimla, blóðsykursprófstrimla ásamt því að greiða heilbrigðisstarfsfólki fyrir taka þátt í verkefninu. Lionsfélagar, sem margir eru heilbrigðismenntaðir, tóku einnig þátt í verkefninu og skimaðir voru meira en 11.000 íbúar í gegnum áhættumat, næstum 9.000 manns með blóðsykursprófi - allt án endurgjalds.

„Ég vissi ekki að ég væri með svo há blóðsykursgildi“ segir einn styrkþegi. „En þökk sé Lions útskýrði læknirinn fyrir mér hvað ég get gert til að lækka það“.

Upphafleg áætlun Lionsumdæmisins gerði ráð fyrir að skima 5.000 manns en með hjálp meira en 700 Lionsfélaga í umdæminu vaar tvöföldu markmiðinu náð í lok verkefnisins.



„Það er það sem ég elska mest við Lions,“ segir Jessie. „Góðvild er smitandi í Lions. Þegar við erum með gott verkefni vilja allir taka þátt í því.“

Frekari upplýsingar um styrki til LCIF sykursýki: lionsclubs.org/DiabetesGrants

Myndir: <https://lionsclubs.box.com/s/vm3e080xjj7bat373yw0eej0mrfgr3oz>
Þýðing: Anna Blöndal

